

# Upplýsingar til sjúklinga fyrir skurðaðgerðir - ferliaðgerðir-

---

## Símanúmer

- Móttaka skurðstofu 463-0279
- Vöknun 463-0118 (kl. 08.00-18.00 alla virka daga)
- Skiptiborð 463-0100

## Reglur um föstu

- Mikilvægt er að fylgja reglum um föstu fyrir svæfingu og deyfingu til að draga úr hættu á fylgikvillum. Sömu reglur gilda fyrir börn og fullorðna.
- **Ekki** má neyta fastrar fæðu eftir miðnætti kvöldið fyrir aðgerð. Drekkja má **tæra drykki** s.s. vatn, te og kaffi mjólkurlaust, hreinan ávaxtasafa án aldinkjöts þar til **tveimur** klst. fyrir aðgerð eða mætingu á skurðstofu.
- Mikilvægt er að reykja ekki síðustu tvo tímana fyrir aðgerð, nota ekki tyggigúmmí eða annað sem örvar sýrumyndun í maga.
- Börn sem eru á brjósti mega drekka brjóstamjólk þar til fjórum klst. fyrir aðgerð.

## Ofnæmi

- Mikilvægt er að láta skurðlækninn vita ef þú ert með ofnæmi fyrir t.d. lyfjum, latexi eða öðru.

## Ferliverkaþjónusta á SAK

- Margar aðgerðir fara fram án innlagnar á sjúkrahús. Aðgerðin eða rannsóknin er þá kölluð ferliverk. Að henni lokinni, þegar sjúklingurinn hefur jafnað sig, fer hann heim til sín.
- Skurðlæknirinn ákveður aðgerð í samráði við þig og veitir þér upplýsingar um aðgerðina. Gott er að gefa sér tíma til að spyrja um allt sem þú vilt vita um aðgerðina.
- Þú verður beðin/n að gefa upplýsingar um heilsufar þitt fyrir sérstaka aðgerðarskrá sem fylgir þér meðan þú dvelur á sjúkrahúsinu. Þú verður beðin/n að skrifa undir aðgerðarskrána, með því gefur þú samþykki þitt

fyrir aðgerðinni og það að þú hafir fengið allar upplýsingar sem þú æskir varðandi hana.

### **Greiðslur**

- Athygli er vakin á því að samkvæmt reglugerð um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu gætir þú þurft að greiða hlut sjúklings í aðgerð og rannsóknum. Hægt er að greiða með öllum gerðum af greiðslukortum.

### **Aðkoma**

- Móttaka skurðstofu og vöknun eru á annarri hæð sjúkrahússins. Best er að koma inn um aðalinngang, merktur inngangur B, að norðan, og spyrja til vegar hjá símavaktinni.

### **Athugið**

- Skurðstofur SAK sinna einnig bráðaaðgerðum og því geta ófyrirsjáanlegar tafir orðið og tímaáætlanir raskast. Gott er að taka með sér eitthvað til að lesa eða hlusta á.

### **Heimferð**

- Gerðu ráðstafanir til að einhver fylgi þér heim af sjúkrahúsinu og að þú verðir ekki ein/einn heima fyrstu nóttina. Eftir aðgerð er bannað að aka bíl í sólarhring nema annað sé tekið fram.

## **Undirbúningur fyrir aðgerð**

### **Lyf**

- Síðustu vikuna fyrir aðgerðina ættir þú ekki að taka bólgueyðandi lyf svo sem: ibufen, naproxen og vóstar. Hættu þó ekki að taka hjartamagnyl nema í samráði við skurðlækni þinn. Þér er einnig ráðlagt að hætta að nota náttúruufni, t.d. hvítlauk, lýsi, ginseng, engifer o.fl. tveimur vikum fyrir aðgerð. Þessi lyf og náttúruufni hafa áhrif á blóðstorku þannig að aukin hætta getur verið blæðingu í og eftir aðgerðina.
- Þú getur tekið paracetamól (paratabs) við verkjum eða önnur verkjalyf skv. fyrirmælum skurðlæknis.

- Ef þú ert á lyfjum vegna blóðþynningar eða sykursýki leitaðu þá álits skurðlæknis á því hvort breyta þurfi lyfjagjöf fyrir aðgerð.
- Hafðu lyfin þín og lyfjarúllu meðferðis þegar þú mætir til aðgerðar. Ef þú notar innöndunarlyf/púst skalt þú taka það með þér.

### Hreinlæti

- Þú þarft að fara í sturtu að morgni aðgerðardags. Fjarlægðu alla skartgrip, naglalakk og farða.

### Upplýsingar til sjúklinga

- Við komu í móttöku skurðstofu tekur sjúkraliði á móti þér. Hann tekur á móti greiðslu ef um það er að ræða. Þér verður vísað á klefa til þess að hafa fataskipti og færð læstan skáp til að geyma eigur þínar í þar til þú ferð heim. Síðan færðu bekk til að liggja á þar til kemur að aðgerðinni.
- Í móttökunni hittirðu skurðlækninn þinn og hann setur merki sitt á þig með tússpenna.
- Þegar skurðstofan er tilbúin fyrir þig koma svæfingahjúkrunarfræðingur og skurðhjúkrunarfræðingur og fara yfir helstu upplýsingar sem fram koma á aðgerðarskránni þinni sem og að yfirfara gátlista skurðstofu. Settur er æðaleggur og oftast vökvagjöf í æð.
- Reiknaðu með því að svara spurningum um nafn, kennitölu og ofnæmi endurtekið. Það er öryggisatriði að fara endurtekið yfir þessi atriði.
- Á skurðstofunni ertu tengd/ur við vaktara sem mæla blóðþrýsting, púls og súrefnismettun blóðsins. Á meðan á aðgerð stendur ert þú undir stöðugu eftirliti svæfingahjúkrunarfræðings/svæfingalæknis. Gildir þá einu hvort aðgerð er gerð í svæfingu eða deyfingu. Að lokinni aðgerð flytur skurðstofuteymið þig á vöknun. Þar ert þú undir eftirliti gjörgæsluhjúkrunarfræðinga þar til þú ert tilbúin/n til heimferðar.

### Leiðbeiningar eftir meðferð

#### Verkir og meðferð þeirra

- Til að meta hversu miklir verkirnir eru og hvort verkjalyf virki vel notum við svokallaðan verkjakvarða. Þessi kvarði er á bilinu 0-10 sem sem 0 eru engir verkir og 10 eru verstu verkir sem þú getur ímyndað þér. Á vöknun

fylgist hjúkrunarfræðingur vel með líðan þinni og gefur þér verkjalyf og önnur lyf eftir þörfum.

## Dvöl á vöknun

- Allir sem fara í svæfingu eða deyfingu og fá einhver slævandi lyf þurfa að dveljast á vöknun á meðan þeir jafna sig. Misjafnt er hversu langur tími þetta er. Þeir sem fara í svæfingu þurfa að dveljast á vöknun eigi skemur en tvo tíma en varðandi deyfingar, þá fer það eftir hvers eðlis deyfingin er hvort dvölin er lengri eða skemri.
- **Heimsóknir eru ekki leyfðar á vöknun** en foreldrum er að sjálfsögðu heimilt að vera með börnum sínum.
- Öllum sjúklingum er boðin hressing áður en þeir fara heim.
- Þú færð upplýsingar á vöknun hjá skurðlækninum um aðgerðina, hreyfingu, þjálfun og umhirðu skurðsárs. Einnig um umbúðaskipti og hvort þú þarft að hlífa umbúðum þegar þú ferð í sturtu.

## Heima

- Þegar um er að ræða stöðuga og/eða fyrirsjáanlega verki er mikilvægt að taka verkjalyfin reglulega, hvort sem þú hefur verki eða ekki. Með því má fyrirbyggja verki eða halda þeim í lágmarki.
- Hafðu samband við sjúkrahúsið ef....
  - Hitinn fer yfir 38°.
  - Blæða fer úr skurðsári.
  - Verkirnir versna.
  - Bólga eykst.
- **Mikilvægt er að fylgja leiðbeiningum skurðlæknis um meðferð og endurkomur.**
- **Þú getur leitað upplýsinga ef einhver vandamál koma upp eftir aðgerð í síma [463-0801](tel:463-0801).**

Endurskoðað og yfirfarið í desember 2017 af:

Sólveigu Björk Skjaldardóttur forstöðuhjúkrunarfræðingi svæfingadeildar.

Eydísi Ingvarsdóttur skurðhjúkrunarfræðingi.

Oddi Ólafssyni forstöðulækni svæfinga- og gjörgæsludeildar.